

Tillaga að siðareglum leiðsögufólks í VR

Tillaga að siðareglum leiðsögumanna er að fylgja (The Code of Tourist Guiding Practice) siðareglum Evrópusamtaka leiðsögumanna (FEG) sem er trygging fyrir fagmennsku, ábyrgð og þjónustu. Reglurnar endurspegla þau gildi og þá skuldbindingu sem leiðsögumenn sýna gestum sínum og þeirri þjóð sem þeir standa fyrir. Leiðsögumannafélög sem eru aðilar að FEG hafa samþykkt fyrir hönd félagsmanna sinna eftirfarandi meginmarkmið og grundvallarreglur:

1. Fagmennska og skuldbinding Leiðsögumaður skal veita gestum sínum faglega þjónustu, sýna umhyggju, ábyrgð og skuldbindingu við starfið. Upplýsingar skulu miðlaðar af hlutleysi og fagmennsku, án fordóma eða áróðurs.
2. Áreiðanleiki og heiðarleiki í upplýsingagjöf Leiðsögumaður skal kappkosta að tryggja að allar staðreyndir sem fram eru settar séu réttar. Jafnframt ber að gera greinarmun á staðreyndum annars vegar og sögum, þjóðsögum, hefðum eða persónulegum skoðunum hins vegar.
3. Sanngirni og virðing í samskiptum Leiðsögumaður skal ávallt sýna sanngirni og virðingu í öllum samskiptum við viðskiptavini, samstarfsaðila og aðra sem starfa innan ferðapjónustunnar.
4. Virðing fyrir umhverfi og menningu Leiðsögumaður ber ábyrgð á að stuðla að jákvæðri ímynd ferðapjónustunnar í sínu landi. Hann skal leggja sig fram um að hvetja gesti til að sýna virðingu fyrir náttúru, dýralífi, minjum, sögustöðum, siðum, hefðum og menningu heimamanna.
5. Gestgjafahlutverk og jákvæð kynning landsins Sem fulltrúi gestgjafalandsins skal leiðsögumaður taka vel á móti öllum gestum, nota jákvætt og innifalandi tungutak og hegða sér á þann hátt sem varpar ljóma á landið, eflir skilning og vekur áhuga á því sem ferðamannastað.

Samþykkt og endurskoðun Siðareglurnar voru samþykktar á VI. Evrópuþingi leiðsögumanna í Syracuse á Sikiley árið 2004, og endurskoðaðar á ársfundi fulltrúa FEG í Porto árið 2022.

Tel að deild leiðsögufólks í VR eigi að vera með sömu siðareglur og er þessi breytingatillaga lögð fyrir aðalfund deildar leiðsögufólks í VR.

Sendandi:

Þórey Anna Kort Matthíasdóttir